

1. fundur, 10. mars 2020 kl 16:00.

Borgartúni 6.

Mætt eru: Hugrún, Gerður, Íris (*fundarritari*), Kristmundur, Ása, Þóra

Forföll: Steindór

Dagskrá:

- 1. Stjórn skiptir með sér verkum**- Íris ritari, Gerður varaformaður, Kristmundur gjaldkeri.
- 2. Fundargerðir** – fundargerðir síðasta starfsárs eru komnar inn á heimasíðuna.
- 3. Samningur um þjónustuskrifstofu og starf framkvæmdastjóra** – Stjórn hefur farið yfir samninginn og rætt framtíð framkvæmdastjóra sem er að komast á eftirlaunaaldur. Undirbúningur er hafinn að ráðningu nýs framkvæmdastjóra.
- 4. Mál flugvirkja** - stjórn ákvað að styðja málið. Þetta er fordæmisgefandi mál og mikið hagsmunamál fyrir okkar félagsmenn.
- 5. Auglýsing um félagið í tímarit nemendafélags við HÍ** - er í vinnslu. Ætlum að reyna að nota þessa auglýsingu á fleiri vettvöngum.
- 6. Stytting vinnuviku** – Óánægja með framkvæmdaleyssi að hálfu ríkisins. Stofnanir eru sumar farnar að taka við sér og eru að hefja vinnuna þrátt fyrir skort á fræðsluefni sem átti að vera tilbúið. Formaður fer yfir ferlið og samskipti við KMR. Áhugi á að finna leiðir til að koma ferlinu af stað og að ríkið hætti að hægja á þeim stofnum sem eru tilbúnar í styttingu.
- 7. Samningur við sveitarfélögin** – boðaður samningafundur á fimmtudagsmorgun að okkar frumkvæði. Fyrsti fundir þá síðan í byrjun júlí. Höfum tekið ákvörðun um að láta ekki starfsmatið stoppa þessar samningaviðræður, þrátt fyrir hvað innleiðingin hefur gengið erfiðlega gagnvart mörgum störfum félagsvísindamanna.
- 8. 90 daga áætlun** samningar við sveitarfélögin, og eitthvað fleira eins og COVID19 leyfir - Gerum sér fund um þetta. Margar hugmyndir komnar fram.
- 9. Önnur mál** – Almennar umræður um covid og áhrif á félagsmenn.

Fundi slitið kl 17:45